

## Umsögn um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 98. mál

21. febrúar 2018

Embætti landlæknis fagnar frumvarpi er varðar breytingar á lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum. Aukin lengd fæðingarorlofs úr níu mánuðum í tólf mánuði styður við heilbrigð tilfinningatengsl foreldra og barna og telst því mikilvæg aðgerð í þágu lýðheilsu. Í ljósi mikilvægi tilfinningatengsla foreldra og barna fyrir þroska og geðheilsu barna telur embættið ennfremur rétt að fæðingarorlof verði skilgreint sem réttur barns til umönnunar á fyrstu mánuðum lífsins fremur en einungis sem réttur fullorðinna á vinnumarkaði.

Samkvæmt breytingum sem tilgreindar eru í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hvort foreldri um sig eigi rétt á fimm mánaða fæðingarorlofi og síðan eru tveir mánuðir sameiginlegir sem foreldrar geta skipt á milli sín.

Embætti landlæknis vekur þó athygli á því að ekki eiga öll börn þess kost að njóta umönnunar frá báðum foreldrum sínum. Fyrir því geta verið ýmsar ástæður, s.s. veikindi eða fráfall annars foreldris, fjarlæg búseta, forræðismál eða önnur atriði sem hindra aðkomu beggja foreldra að uppeldi og umönnun barnsins. Í ljósi þess að tengslamyndun foreldra og barna hefur gildi fyrir heilsu og velferð barna er mikilvægt er að lög um fæðingar- og foreldraorlof tryggi að öll börn sitji við sama borð hvað varðar tækifæri til að verja fyrsta æviárinu í umsjá foreldra óháð hjúskaparstöðu og forræðistilhögun þeirra. Í þeim tilvikum þar sem einungis annað foreldrið kemur að uppeldi barnsins þarf að vera hægt að ráðstafa fæðingarorlofi þannig að barninu sé tryggður sami fjöldi mánaða í umsjá foreldris og öðrum börnum. Eins og frumvarpið stendur núna myndi barn, sem er í þeirri stöðu að einungis annað foreldrið er til staðar, aðeins njóta fullrar umönnunar foreldris í sjö mánuði. Þetta skapar ójöfnuð milli barna sem er ekki réttlætanlegur.

Umfram allt þarf að gæta jafnræðis og tryggja að börnum sé ekki mismunað hvað varðar heilbriggt upphaf í lífinu og öllum sé tryggður 12 mánaða tími í umsjá nánustu umönnunaraðila óháð félagslegri stöðu og kringumstæðum foreldra.

Fyrir hönd Embættis landlæknis,

Sigrún Daníelsdóttir verkefnastjóri á sviði áhrifaþátta heilbrigðis  
Salbjörg Bjarnadóttir verkefnastjóri á sviði eftirlits og gæða